



Garðabær, 4. feb. 2020

Til Bæjarráðs Garðabæjar

Unnið hefur verið að hugmynd innan Fjölbrautaskólans í Garðabæ um að skólinn fengi yfirráð yfir, eða tæki í fóstur, landsvæði í eigu Garðabæjar. Þar gætu nemendur og kennarar gróðursett og ræktað tré og annan gróður í því augnamiði að kolefnishlutleysa skólann og skólaferðir nemenda. Á sama tíma fengi skólinn afdrep í náttúrunni ekki langt frá skólanum.

Með aðgangi að landsvæði sem þessu gæti útikennsla (smíði, líffræði, umhverfisfræði o.s.frv.) fengið meira vægi í kennslu við skólann og gott tækifæri gæfist til fræðslu um umhverfismál, vistvæna hugsun og aukna umhverfisvitund. Nemendur fengju einnig að vinna að uppbyggingu nærumhverfis síns sem er bæði valdeflandi og gott fyrir sjálfsmynd þeirra. Að sama skapi aukast verðmæti landsvæðisins og sveitafélagið verður vistvænna. Við sjáum fyrir okkur að það yrði árlegur viðburður að nemendur gróðursetji tré í hlutfalli við þær utanlandsferðir sem skólinn hafi staðið fyrir á skólaárinu og kolefnisjafni þannig ferðirnar.

Við teljum þessar hugmyndir okkar um skógrækt Fjölbrautaskólans í Garðabæ vera á pari við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Okkur sýnist þær einnig falla vel að megin markmiðum Heiðmerkur og Græna trefilsins. Í skýrslu um Græna trefilinn segir að félagasamtök og fjölskyldur í Garðabæ hafi fengið úthlutað úr skógræktarreitum í Smalaholti og Sandahlíð. Í aðalskipulagi eru einnig upplýsingar um að Smalaholt og Hnoðraholt hafa m.a. verið ræktað af skólafólki.

Með þessu bréfi viljum við kanna hvort bæjarstjórn Garðabæjar hafi áhuga á að koma til móts við þessar óskir. Við gerum okkur grein fyrir að verkefni af þessu tagi þarf að vinna í samstarfi við garðyrkjustjóra bæjarins. Erindið hefur nú þegar verið kynnt í skólanefnd FG.

Framtak af þessum toga tengist öllum grunnþáttum menntunar og þá sérstaklega lykilhæfni sem snýr að menntun til sjálfbærni. Það er hlutverk skólanna að uppfræða nemendur og valdefla svo þau þekki, skilji og virði umhverfi sitt og náttúru.

FG hefur einnig áhuga á að koma upp rafhleðslustöð fyrir rafmagnsbíla á bílastæðum við skólann. Með því vill skólinn koma á móts við vaxandi hóp sem ferðast með rafmagnsbílum eða tengivinnbílum. Óskað er eftir samvinnu við bæinn við þetta verkefni.

Með von um góðar undirtektir,

Kristinn Þorsteinsson skólameistari FG